

## Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um endurskoðun á fyrirkomulagi fasteignagjalda á landsbyggðinni.

Frá Einari K. Guðfinssyni.

1. Hvernig verður unnið að endurskoðun á fyrirkomulagi fasteignagjalda íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á landsbyggðinni þannig að skattstofninn endurspegli betur raunverðmæti fasteigna eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar?
2. Hvernig er áformað að bæta sveitarfélögum tekjutapið af breyttri innheimtu fasteignagjalda?
3. Hvað má ætla að útgjöld heimila á landsbyggðinni lækki mikið ef fasteignagjöld verða alls staðar sama hlutfall af raunverðmæti fasteignanna?